

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 20. apríl 1963.***Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Gylfi P. Gíslason.***L Ö G**

um breyting á lögum nr. 23 6. maí 1955, um landshöfn í Keflavíkurkaupstað og Njarðvíkurhreppi.

FORSETI ÍSLANDS*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. másl. 2. gr. laganna orðist svo:

Til greiðslu kostnaðar, er leiðir af fyrirmælum 1. gr., er ríkisstjórninni heimilt að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs, allt að 70 millj. kr., er endurgreiðist að $\frac{1}{3}$ úr ríkissjóði og að $\frac{2}{3}$ úr hafnarsjóði.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 20. marz 1963.***Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Emil Jónsson.***L Ö G**

um breyting á lögum nr. 44 19. júní 1933, um stofnun happdrættis fyrir Ísland.

FORSETI ÍSLANDS*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við a-lið 1. gr., svo sem hann er orðaður með lögum nr. 14 4. apríl 1955, lögum nr. 26 24. apríl 1957 og lögum nr. 74 3. des. 1960, bætist svofelldur málsliður:

Enn fremur er heimilt að gefa út nýjan flokk hlutamiða, B-flokk, er tengist við þau númer, sem heimilt er að gefa út samkv. ákvæðum þessa töluliðs.

2. gr.

Við 4. gr. laganna bætist þessi málslíður:

Ráðuneytinu er heimilt að leyfa happdrættinu að taka í sínar hendur útsölu hlutamiða.

3. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað. Eftir að lög þessi hafa öðlazzt gildi, skal gefa lög nr. 44 19. júní 1933, ásamt breytingum, út að nýju.

Gjört að Bessastöðum, 20. apríl 1963.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

L Ö G

um breyting á siglingalögum, nr. 56 30. nóv. 1914.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í fyrirsögnum og meginmáli laganna skal hvarvetna í stað orðsins „kapítuli“ koma orðið: **kafli**.

2. gr.

1. Fyrirsögn I. kafla verði: Gildissvið laganna o. fl.

2. 1.—3. gr. falli niður.

3. 1. gr. orðist svo:

Lög þessi gilda um öll skip, sem skráð eða skráningarskyld eru á Íslandi. Þegar athafnir íslenzks framkvæmdarvalds eða dómvalds taka til erlendra skipa, skal einnig beita ákvæðum laga þessara, eftir því sem við á, enda brjóti það ekki í bága við reglur þjóðaréttarins.

3. gr.

Í öðrum kapítula, með fyrirsögninni: Um réttindi yfir skipum, breytast greinar þannig:

1. 5. gr. (sem verður 3. gr.) orðist svo:

Um stofnun og vernd eignarréttar og eignarhafta á skrásettu skipi, sem er 5 rúmlestir að stærð eða meira, skal farið eftir reglum um fasteignir, eftir því sem við verður komið.

2. 6.—8. gr. falli niður.

3. 9. gr. (sem verður 4. gr.) orðist svo:

Nafnbreytingu á skipi má því aðeins leyfa, að allir eigendur þess séu því samþykkir. Áður en skráningarstjóri tekur hið nýja nafn á skipaskrá, skal hann senda dómara þeim, sem þinglýsingar annast, tilkynningu um nafnbreytinguna.

Nú er skip flutt milli skráningarumdæma, og skal þá skráningarstjóri í því umdæmi, sem skip var skrásett í, sjá um, að skráningarstjóranum í því